

# Frumvarp til laga

um breytingu á búvörulögum nr. 99/1993 og búnaðarlögum nr. 70/1998  
(undanþágur frá ákvæðum samkeppnislaga, verðjöfnunargjöld o.fl.)

(Lagt fyrir Alþingi á 146. löggjafarþingi 2016–2017.)

---

## I. KAFLI

### Breyting á búvörulögum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist eftirfarandi orðskýringar í rétttri stafrófsröð:

*Afurðaskýrsluhald* er skráning upplýsinga um bústofn framleiðanda í miðlægan gagnagrunn.

*Nýliði* er einstaklingur á aldrinum 18-40 ára á því ári sem óskað er eftir stuðningi, er að kaupa búrekstur eða hlut í búrekstri í fyrsta skipti eða hefur leigt búrekstur skemur en fimm ár og hefur ekki verið skráður handhafi beingreiðslna í sauðfé, mjólk eða garðyrkju síðastliðin fimm ár frá 1. janúar á umsóknarári.

*Óháð afurðastöð eða vinnsluaðili* er hver sá aðili sem ekki er í eigna- eða stjórnunartengslum við markaðsráðandi afurðastöð.

#### 2. gr.

3. og 4. málsg. 13. gr. laganna fellur brott.

#### 3. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein, 5. mgr., sem orðast svo:

Framleiðandi sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. skal færa fullnægjandi afurðaskýrsluhald til að geta hlotið greiðslur í samræmi við samning samkvæmt þessari grein.

#### 4. gr.

Við 52. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, 2. og 3. mgr., svohljóðandi:

- a. Ráðherra skal, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga ákveða heildargreiðslumark mjólkur fyrir hvert verðlagsár.
- b. Framkvæmdanefnd búvörusamninga staðfestir árlega ráðstöfun og lokauppgjör mjólkur hjá afurðastöðvum í mjólkuriðnaði. Afurðastöðvum í mjólkuriðnaði er skylt að afhenda framkvæmdanefnd búvörusamninga fyrirkomulag ráðstöfunar mjólkur á viðkomandi verðlagsári.

## 5. gr.

2. másl. 2. mgr. 53. gr. laganna orðast svo: Fyrir innleyst greiðslumark greiðir ríkissjóður tvöfalt núvirt andvirði greiðslna út á greiðslumark út gildistíma sammings um starfsskilyrði nautgriparæktar skv. 30. gr.

## 6. gr.

71. gr. laganna orðast svo:

Markaðsráðandi afurðastöð er skylt að safna og taka við allri hrámjólk sem henni býðst frá framleiðendum mjólkur. Einnig er henni skylt að selja óháðum afurðastöðvum og vinnsluaðilum hrámjólk til framleiðslu á mjólkurvörum. Söluskylda markaðsráðandi afurðastöðvar nemur allt að 20% af þeirri hrámjólk sem afurðastöðin tekur við.

Verð á hrámjólk skal ákveðið samkvæmt 1. mgr. 13. gr. og gilda gagnvart framleiðsluhluta markaðsráðandi afurðastöðvar og óháðum aðilum. Sama jafnræði skal gilda um önnur viðskiptakjör og skilmála. Framleiðsluhluti markaðsráðandi afurðastöðvar skal vera fjárhagslega og stjórnunarlega aðskilin frá annarri starfsemi afurðarstöðvarinnar.

Samkeppniseftirlitið skal hafa eftirlit með ákvæði þessu sem hluti af eftirliti með markaðsráðandi afurðastöðvum á grundvelli samkeppnislaga. Brot gegn ákvæði þessu varðar sömu viðurlögum og 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 sbr. 37. gr. laganna.

## 7. gr.

Við 1. mgr. 81. gr. laganna bætast nýr töluliður sem orðast svo: Skilyrði fyrir fullnægjandi skráningu í afurðaskýrsluhald skv. 30. gr.

## 8. gr.

85. gr. A. laganna fellur brott.

## II. KAFLI

**Breyting á búnaðarlögum nr. 70/1998, með síðari breytingum.**

## 9. gr.

Við 1. gr. laganna bætast eftirfarandi orðskýringar:

*Afurðaskýrsluhald* er skráning upplýsinga um bústofn framleiðanda í miðlægan gagnagrunn.

*Nýliði* er einstaklingur á aldrinum 18-40 ára á því ári sem óskað er eftir stuðningi, er að kaupa búrekstur eða hlut í búrekstri í fyrsta skipti eða hefur leigt búrekstur skemur en fimm ár og hefur ekki verið skráður handhafi beingreiðslna í sauðfé, mjólk eða garðyrkju síðastliðin fimm ár frá 1. janúar á umsóknarári.

## 10. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, 5. mgr., orðast svo:

Framleiðandi sem uppfyllir skilyrði 4. mgr. skal færa fullnægjandi afurðaskýrsluhald til að geta hlotið greiðslur í samræmi við samning samkvæmt þessari grein.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

## Um 1. gr.

Í greininni er mælt fyrir um þrjár nýjar orðskýringar. Um er að ræða hugtök sem koma fyrir í búvörusamningum og reglugerðum um framkvæmd samninganna. Hugtakið *afurðaskýrsluhald* er skráning upplýsinga um bústofn framleiðanda í miðlægan gagnagrunn á vegum Matvælastofnunar og Bændasamtaka Íslands. Gagnagrunnar sem hér falla undir eru Huppa, Fjávís, Heiðrún, Bústofn og Mark. Hugtakið *nýliði* kemur fyrir á nokkrum stöðum í ákvæðum búvörulaga og búnaðarlaga. Hugtakið er skilgreint m.a. í samræmi við tillögur Samtaka ungra bænda og í samræmi við afmörkun hugtaksins í nágrannalöndum Íslands. Aldursmörkin eru ákvörðuð annars vegar út frá lögræðisaldri en lögráða verða menn 18 ára skv. 1. gr. lögræðis laga nr. 71/1997. Þá tekur hámarksaldurinn mið af hámarksaldri nýliða í nágrannalöndum Íslands en hjá Evrópusambandinu er hámarksaldur nýliða t.d. 40 ár. Þá eru tímamörk um fimm ár í samræmi við afmörkun sambærilegra tímabila hjá Evrópusambandinu. Hugtakið *óháð afurðastöð eða vinnsluaðili* er skilgreindur samkvæmt tillögu Samkeppniseftirlitsins vegna tillagna að breytingu á ákvæði 71. gr. laganna.

## Um 2. gr.

Í greininni eru lagðar til tvær breytingar á 13. gr. laganna. Í fyrsta lagi er lagt er til að 3. mgr. 13. gr. laganna verði felld brott en lagt er til í 6. gr. frumvarpsins að í 71. gr. laganna verði kveðið á um söluskyldu markaðsráðandi afurðastöðvar. Á löggjafarþingi 145, 2015-2016 (þskj. 1663 – 680. mál) lagði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til að afurðastöð sem tæki við 80% af innveginni mjólk skyldi vera skylt að selja öðrum vinnsluaðilum mjólkur og mjólkurafurða, allt að 5% af þeirri mjólk sem afurðastöð tæki við, til frekari vinnslu sem, miðað við innviktaða mjólk 2016, nam það magn rúmlega 7,5 milljónum lítra mjólkur. Við umfjöllun um frumvarpið fyrir Alþingi kom til skoðunar að hækka þetta hlutfall úr 5% í 7-10%. Miðað við heildarmagn innviktaðrar mjólkur á árinu 2016 hefði þetta magn verið annars vegar 10,5 milljónir lítra ef miðað er við 7% og hins vegar 15,0 milljónir lítra ef miðað er við 10%. Minni vinnsluaðilar hafa á síðustu þremur árum að meðaltali notað 1,8% af heildarmagni innveginna mjólkur. Árið 2016 notuðu minni vinnsluaðilar samtals 2,6 milljónir lítra hrámjólkur við framleiðslu sína, árið 2015 samtals 2,1 milljónir lítra og árið 2014 samtals 1,9 milljónir lítra. Meiri hluti atvinnuveganefndar lagði til í álitu sínu dags. 29. ágúst 2016 (þskj. 1591 – 680. mál) að í 3. mgr. 13. gr. laganna yrði kveðið á um að afurðastöð skuli selja öðrum vinnsluaðilum mjólk og mjólkurafurðir sem nemi allt að 20% af þeirri mjólk sem afurðastöðin tekur við. Staðfesti Alþingi framangreinda tillögu meiri hluta atvinnuveganefndar með lögum nr. 102/2016 um breytingu á búvörulögum. Í ákvæðinu er ekki gerður greinamunur á því hvort um er að ræða markaðsráðandi afurðastöð eða minni afurðastöð, en hugtakið afurðastöð er skilgreint í 2. gr. laganna sem hver sá lögaðili eða einstaklingur sem tekur við afurðum úr höndum frumframleiðenda til vinnslu, flokkunar, þökkunar, geymslu, heildsölu eða dreifingar eða vinnur úr eða selur eigin frumframleiðslu umfram magn sem skilgreint er. Skylda um sölu á 20% af þeirri mjólk sem afurðastöð tekur við hvílir því á öllum afurðastöðvum óháð stærð þeirra og markaðshlutdeild. Þykir það verulega íþyngjandi kvöð á minni afurðastöðvar og því lagt til að söluskyldan verði bundin við markaðsráðandi afurðastöð eins og lagt er til í 6. gr. frumvarpsins.

Í öðru lagi er lagt til að 4. mgr. 13. gr. laganna falli brott en ákvæðið tekur til verðtilfærslu milli mjólkurvara. Áður hefur verið lagt fyrir Alþingi að fella brott framangreinda málsgrein en í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum (búvörulög) sem lagt

var fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007-2008 (þskj. 2018 - 203. mál) sagði: „Með frumvarpinu er einnig verið að minnka afskipti ríkisvaldsins af framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða og með því verið að bregðast við athugasemdum Samkeppniseftirlitsins, en í álitinu sínu nr. 1/2006 er því beint til ráðherra að jafna samkeppnisstöðu afurðastöðva. Með brottfalli 3. mgr. 13. gr. [...] er dregið úr afskiptum ríkisins af verðmyndun og áhrifum á verðból mjólkurafurða. Ákvæði 3. mgr. 13. gr. búvörulaga kom nýtt inn í lagabálkinn við setningu breytingalaga nr. 85/2004. Efnislega vikur ákvæðið til hliðar vissum ákvæðum samkeppnislaga og heimilar afurðastöðvum í mjólkuriðnaði að hagræða í sínum rekstri, m.a. með verðtilfærslum, sem kunna að fara í bága við samkeppnislög. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 85/2004 var vikið að helstu röksemdum þess að lögleiða þyrfti þessar undantekningar. Er þar m.a. rakið að mikill fjárhagsvandi hafi einkennt flest svið landbúnaðar á undanförunum árum og að vandinn sé að miklu leyti til kominn vegna óhagstæðra rekstrareininga sem og lögbundinnar skyldu afurðastöðva og mjólkuriðnaðarins til þess að jafna landsbundinn aðstöðumun einstakra afurðastöðva og fjarlægð frá stærstu mörkuðum landbúnaðarvara. Var því talið nauðsynlegt þar til markaðurinn yrði talinn þroskaður í þeim skilningi, að verðmiðlun og verðtilfærsla afurðastöðva í mjólkuriðnaði yrði undanskilin gildissviði samkeppnislaga. Frá setningu breytingalaganna hefur átt sér stað mikil hagræðing og er staða iðnaðarins í dag talin það stöðug að óþarft sé lengur að lögbinda undantekningu um verðtilfærslu [...] frá samkeppnislögum.“ Frumvarpið náði ekki fram á ganga á Alþingi. Þá hefur verið bent á að ákvæði 4. mgr. 13. gr. (þá 3. mgr.) fari í bága við ákvæði EES-samningsins þar sem ekki er afmarkað með skýrum hætti til hvaða mjólkurvara ákvæðið tekur til. Á löggjafarþingi 145 2015-2016 (þskj. 1663 – 680. mál) voru lagðar til breytingar á 4. mgr. 13. gr. laganna þar sem lagt var til að tekinn yrði af allur vafi að heimild til verðtilfærslu tæki eingöngu til vara sem ekki falla undir bókun 3 við EES-samninginn. Breytingin náði ekki fram á ganga. Með vísan til framangreinds og áherslna í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar um endurskoðun á forsendum fyrir frávikum frá samkeppnislögum fyrir mjólkuriðnaðinn er hér lagt til að 4. mgr. 13. gr. laganna verði felld brott þar sem sá mikli fjárhagsvandi sem einkenndi afurðastöðvar í mjólk og óhagstæðar rekstrareiningar innan mjólkuriðnaðarins séu ekki lengur til staðar þar sem mikið hagræði hafi orðið innan mjólkuriðnaðarins á síðustu árum. Nánar er fjallað um þá hagræðingu sem orðið hefur innan mjólkuriðnaðarins í athugasemdum um 2. gr. frumvarpsins.

#### Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að bætt verði við 30. gr. skyldu samkvæmt búvörusamningum að framleiðendur sem eiga rétt á stuðningi samkvæmt samningunum sé skylt að færa fullnægjandi afurðaskýrsluhald. Í afurðaskýrsluhald skal m.a. skrá afdrif fangs hjá öllum bústofni framleiðanda, burðardagsetningu og fjölda fæddra gripa, fallþunga sláturgripa, nyt mjólkandi kúa og geitfjár og fleira. Ekki er hér um íþyngjandi breytingu að ræða þar sem þegar er kveðið á um skyldu þessa í ákvæðum búvörusamninga sem lögfestir eru með lögum nr. 102/2016 um breytingu á búvörulögum og fl. (þskj. 1663 – 680. mál) sem útfært hefur verið með nánari hætti í reglugerðum.

#### Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að tvær nýjar málsgreinar bættist við ákvæði 52. gr. laganna. Í fyrsta lagi er mælt fyrir um að ráðherra skuli að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga ákveða heildargreiðslumark fyrir hvert verðlagsár. Á löggjafarþingi 145

2015-2016 (þskj. 1663 – 680. mál) voru lagðar til ýmsar breytingar sem miðuðu að því að breyta fyrirkomulagi vegna verðlagningar mjólkur og greiðslumarki lögbýla. Við vinnslu frumvarpsins af hálfu Alþingis og samkvæmt nefndaráliti meirihluta atvinnuveganefndar frá 29. ágúst 2016 (þskj. 1591 – 680. mál) var lag til að ákvæði um nýja verðlagningaraðferð mjólkur félli brott og þær tillögur verði til umræðu hjá samráðshópi um endurskoðun búvörusamninga sem fer fram til ársins 2019. Við þær breytingar sem gerðar voru á frumvarpinu láðist að færa til baka 2. mgr. 52. gr. en gert var ráð fyrir í frumvarpinu að hún félli brott. Ákvæðið var svohljóðandi „Ráðherra skal, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga ákveða heildargreiðslumark mjólkur fyrir hvert verðlagsár.“ Lagt er til að framangreind málsgrein 52. gr. laganna verði sett að nýju á meðan engar breytingar eru gerðar vegna verðlagningar samkvæmt samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar.

Í öðru lagi er lagt til að við 52. gr. laganna bætist ný málsgrein varðandi staðfestingu á ráðstöfun mjólkur, þ.e. hvað fer á innalandsmarkað og hverju er ráðstafað til útflutnings, bæði á fitu- og próteingrunni. Um margra ára skeið hefur framkvæmdanefnd búvörusamninga staðfest ráðstöfun þessa en staðfestingin tengist m.a. hlutverki nefndarinnar skv. 1. mgr. 52. gr. laganna vegna framleiðslu mjólkur umfram greiðslumark. Þá er í málsgreininni einnig mælt fyrir um skyldur afurðastöðva að afhenda framkvæmdanefnd fyrirkomulag ráðstöfunar mjólkur á viðkomandi verðlagsári.

#### Um 5. gr.

Lagt er til að orðalag 2. másl. 2. málsg. verði lagfært til samræmis við orðalag í 3.5. gr. samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar dags. 19. febrúar 2016 en þar segir „Ríkið hefur innlausnarskyldu á greiðslumarki gagnvart þeim sem óska eftir henni á árunum 2017-2019. Innlausn fari fram með þeim hætti að greiðslumarkshafi fái greitt tvöfalt núvirt andvirði greiðslna út á greiðslumark (áður A-greiðslna) sem eftir eru. Matvælastofnun annast innlausn og sölu greiðslumarks.“ Mismun á orðalagi í 53. gr. laganna og 3.5. gr. samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar má rekja til misritunar í lagatexta.

#### Um 6. gr.

Lagt er til að fella brott núverandi ákvæði 71. gr. laganna. Ákvæði 71. gr. laganna var lögfest með 2. gr. laga nr. 85/2004 en með ákvæðinu var verið að styrkja grundvöll til hagræðingar í þeim tilgangi að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu mjólkurafurða. Ákvæði þetta hefur verið í gildi í 13 ár og hefur á þeim tíma orðið mikil hagræðing hjá afurðastöðvum í mjólkuriðnaði. Með ákvæðinu hafa afurðastöðvar til dæmis geta sameinast, samið um verkaskiptingu í framleiðslu einstakra afurða og haft með sér annars konar samstarf til að draga úr kostnaði við mjólkurvöruframleiðslu, geymslu og dreifingu. Hefur ákvæðið gert það að verkum að aukin hagkvæmni hefur náðst við framleiðslu þegar afurðastöðvar stækka og þeim fækkað. Í skýrslu Hagfræðistofnunar frá júní 2015 – Mjólkurvöruframleiðsla á Íslandi – Staða og horfur er rakin þróun í fækkun afurðastöðva en þar segir: „Á 10. áratug síðustu aldar voru um fimmtán afurðastöðvar á landinu. Árið 2004 voru þær orðnar níu. Má þar nefna Mjólkursamsöluna í Reykjavík (MS, átti tvær afurðastöðvar) og Kaupfélag Skagfirðinga (KS). [Árið 2015] hafa sjö fyrirtæki sem voru á markaði árið 2004 sameinast Mjólkursamsölnunni ehf. (MS) sem tók til starfa árið 2007 við samruna Mjólkursamsölnunnar í Reykjavík og Mjólkurbús Flóamanna á Selfossi. Síðla árs 2005 hóf afurðastöðin Mjólka rekstur. Í upphafi keypti hún mjólk beint af bændum en árið 2008 fór hún að kaupa mjólkina þess í stað frá Mjólkursamsölnunni. Árið 2009 rann

Mjólka saman við Kaupfélag Skagfirðinga. Vesturmjólk hf. var afurðastöð hluta árs 2011 og var mjólkurvinnsla hennar um 0,22% af allri vinnslu á landinu það ár. Aðeins ein afurðastöð hefur komið inn á markaðinn síðan 2004 og er enn í rekstri. Það er Rjórabúið að Erpsstöðum, sem tók til starfa vorið 2009. Það er mjög smátt í sniðum og líta má á það sem eins konar heimavinnslu en þar er nýtt mjólk sem framleidd er á bænum. [...] Í heildina eru því núna þrjú félag afurðastöðva; Mjólkursamsalan, Kaupfélag Skagfirðinga og Rjórabúið Erpsstaðir. Mjólkursamsalan hefur fimm afurðastöðvar vítt um landið. Þær eru í Reykjavík, Búðardal, á Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi. Aðrar afurðastöðvar hafa einungis eina starfstöð. [...] Eftir 2004 hafa bæst við nokkrir mjólkurvöruframleiðendur, sem þó teljast ekki til afurðastöðva. Má þar nefna Biobú, Mjólkurbúið Kú, Örnú og Vífilfell. Þrátt fyrir að þessi fyrirtæki flokkist ekki undir afurðastöðvar hafa þau augljós áhrif á smásölumarkað. Bæði auka þau vöruúrval og auka samkeppni á markaði.“ Með vísan til framangreinds er ljóst að nokkuð hagræði hefur hlotist af heimild 71. gr. laganna og er því ekki nauðsynlegt að mæla fyrir um svo víðtæka undanþágu frá ákvæðum samkeppnislaga eins og nú er kveðið á um í ákvæðinu.

Þrátt fyrir það er einn mikilvægasti þátturinn til að tryggja samkeppni á mjólkurmarkaði og stuðla þannig að nýsköpun og vöruþróun að vinnsluaðilum sé tryggður aðgangur að hrámjólk. Á þennan þátt hefur m.a. reynt á í Hollandi og Noregi. Í Hollandi er til dæmis markaðsráðandi afurðastöð Campania/Freisland skylt að selja keppinautum sínum árlega 1,2 milljarða lítra af hrámjólk. Í Noregi er markaðsráðandi afurðastöðinni Tine skylt að selja hrámjólk til vinnslu mjólkurafurða en Tine selur einnig mjólk og mjólkurvörur. Samkvæmt norskum lögum og reglum er Tine skylt að selja óháðum afurðastöðvum hrámjólk upp að ákveðnu lágmarki en það eru 15 milljónir lítra árlega fyrir hverja stöð fyrir sig. Af skipuriti Tine má sjá að sú deild sem annast söfnun og sölu hrámjólkur er fjárhagslega og stjórnunarlega aðskilin frá annarri starfsemi Tine eins og framleiðslu mjólkurafurða. Sú breyting sem mælt er fyrir um í grein þessari tekur því nokkuð mið af skipulagi í nágrannalöndum Íslands til að tryggja aðgang að hrámjólk.

Við vinnslu ákvæðisins var tekið mið af tillögum Samkeppniseftirlitsins sem eftirlitið skilaði atvinnuveganefnd vegna umfjöllunar um frumvarp til breytinga á búvörlögum og fl. á 145. löggjafarþingi. Í tillögum Samkeppniseftirlitsins segir „Ákvæði af þessum toga myndi hafa mjög jákvæð áhrif á mjólkurmarkaði. Það myndi skapa traust og sóknarfæri fyrir minni aðila. Slíkt hefði einnig heppileg áhrif [á] stærri fyrirtæki eins og MS þar sem það myndi öðlast sterkari hvata til þess að gera enn betur í framleiðslu og sölu á mjólkurafurðum sem er til hagsbóta bæði fyrir eigendur MS og neytendur. Þetta ákvæði myndi einnig styðja við þær aðgerðir sem Samkeppniseftirlitið hefur gripið til í því skyni að jafna samkeppnisstöðu á mjólkurmarkaði, sbr. og umfjöllun um Noreg hér að framan. Eftirlit með markaðsráðandi fyrirtækjum er hluti af lögmæltum verkefnum Samkeppniseftirlitsins, þ.m.t. mat á því hvort fyrirtæki teljast markaðsráðandi í samræmi við viðurkenndar meginreglur. Þá liggur fyrir löng réttarframkvæmd í samkeppnisrétti um hvað felst í fjárhagslegum og stjórnunarlegum aðskilnaði.“

Í 1. mgr. er kveðið á um skyldu markaðsráðandi afurðastöðvar að safna og taka við allri hrámjólk frá framleiðendum mjólkur. Þar er einnig kveðið á um söluskyldu á hrámjólk til óháðra afurðastöðva og vinnsluaðila til framleiðslu á mjólkurvörum. Óháð afurðastöð eða vinnsluaðili er skilgreindur í 2. gr. laganna sem hver sá aðili sem ekki er í eigna- eða stjórnunartengslum við markaðsráðandi afurðastöð. Eins rakið er í almennum athugasemdum um 2. gr. frumvarpsins er lagt til að markaðsráðandi afurðastöð verði skylt að selja óháðum afurðastöðvum og vinnsluaðilum hrámjólk til framleiðslu á mjólkurvörum.

Í greininni er lagt til að söluskylda markaðsráðandi afurðastöðvar nemi allt að 20% af þeirri hrámjólk sem afurðastöðin tekur við en prósentutalan er í samræmi við tillögu meiri hluta atvinnuveganefndar í nefndaráli frá 29. ágúst 2016 (þskj. 1591 – 680. mál) sem kveðið er á um í nágildandi 3. mgr. 13. laganna. Ef miðað er við innviktaða mjólk á árinu 2016, sem var samtals rúmlega 150 milljónir lítra eru 20% af því magni samtals rúmlega 30 milljónir lítra mjólkur. Það er þá það magn sem markaðsráðandi afurðastöð er að lágmarki skylt að selja óháðum afurðastöðvum og vinnsluaðilum. Þar sem heildarnotkun minni vinnsluaðila var að meðaltali síðustu þrjú ár 1,8 milljónir lítra hrámjólkur er ljóst að ekki er þörf fyrir frekara magn en sem nemur 20% í náginni framtíð.

Í 2. mgr. er kveðið á um það að verð á hrámjólk skuli ákveðið af Verðlagsnefnd búvara samkvæmt 1. mgr. 13. gr. laganna. Í frumvarpi þessu eru ekki fyrirhugaðar breytingar á verðlagningarkerfi mjólkur. Þá er mælt fyrir um að það verð skuli gilda gagnvart framleiðsluhluta markaðsráðandi afurðastöðvar og óháðum aðilum og að sama jafnræði skuli gilda um önnur viðskiptakjör og skilmála. Með sambærilegum hætti og í skipuriti Tine í Noregi er mælt fyrir um að framleiðsluhluti markaðsráðandi afurðastöðvar skuli vera fjárhagslega og stjórnunarlega aðskilin frá annarri starfsemi afurðarstöðvarinnar.

Í 3. mgr. er loks mælt fyrir um að eftirlit með ákvæðinu sé hluti af eftirliti með markaðsráðandi afurðastöðvum á grundvelli samkeppnislaga og því í höndum Samkeppniseftirlitsins. Brot gegn ákvæðinu varða því sömu viðurlögum og 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 sbr. 37. gr. laganna.

#### Um 7. gr.

Vegna breytinga í 1. gr. (2. gr. laganna) og 3. gr. frumvarpsins (30. gr. laganna) er bætt við heimildir ráðherra til að setja í reglugerð skilyrði fyrir fullnægjandi skráningu í afurðaskýrsluhald. Þá er einnig kveðið á um heimild ráðherra til að kveða á um með nánari hætti skiptingu heildargreiðslumarks í greiðslumark lögbýla sem ákveðið er skv. 52. gr. laganna.

#### Um 8. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um verðjöfnunargjöld. Til þess að jafna samkeppnisstöðu innlendra vara við útflutning er ráðherra heimilt að greiða verðjöfnun við útflutning vara sem innihalda innlend landbúnaðarhráefni. Verðjöfnunin er mismunur á innlendu viðmiðunarverði og erlendu viðmiðunarverði hvernar tegundar hráefnis sem notað er við framleiðslu vörunnar. Greiðslur miðast við heimildir fjárlaga hverju sinni en á árinu 2017 nema framlög til verðjöfnunar 2,6 m.kr. sem er óbreytt upphæð frá árinu 2012. Nánar er kveðið á um verðjöfnun í reglugerð en þar eru tilgreind þau tollskrárnúmer sem heimilt er að greiða verðjöfnun fyrir, þær hráefnistegundir sem heimilt er að verðjafna, viðmiðunarverð innlendra landbúnaðarhráefna, erlend viðmiðunarverð sömu hráefna og nánari skilyrði verðjöfnunar. Um verðjöfnunina er fjallað með framangreindum hætti í reglugerð nr. 535/2003 um verðjöfnun við útflutning á fullunnum vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni, með síðari breytingum. Framkvæmd verðjöfnunar hefur farið þannig fram að framleiðendur vöru hafa sótt um verðjöfnun til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, en Tollstjóri annast greiðslu verðjöfnunar að uppfylltum skilyrðum reglugerðar nr. 535/2003. Verðjöfnun hefur verið nýtt einna helst vegna útflutnings á sælgæti sem inniheldur landbúnaðarhráefni, þ.e. nýmjólkur- eða undarennuoft, en einungis 2-3 fyrirtæki hafa nýtt sér þessa heimild. Rétt er að benda á að komið hefur verið til móts við óskir Samtaka iðnaðarins um verðlagningu á undanrennu- og mjólkurdufti frá 1.

júlí 2016, sbr. ákvörðun verðlagsnefndar búvara þegar verð á þessum vörum var lækkað um 20% til að mæta áhrifum nýs tollasamnings við ESB og lækkun heimsmarkaðsverðs á dufti.

Hinn 19. desember 2015 var á tíunda ráðherra fundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) tekin ákvörðun um afnám útflutningsbóta fyrir landbúnaðarvörur. Samkvæmt ákvörðuninni bar iðnríkjum að afnema útflutningsbætur að mestu umsvifalaust, en þó var veittur frestur til ársins 2020 til að afnema tilkynntar útflutningsbætur fyrir mjólkurafurðir, svínakjöt og unnar landbúnaðarvörur. Þróunarríki skulu afnema útflutningsbætur ekki síðar en árið 2018, en fá aðlögunartíma til ársins 2023 fyrir tilteknar afurðir. Þá eru settar nánari reglur um stuðning við útflutningslán. Ákvörðunin var talin marka tímamót og lýsti framkvæmdastjóri WTO, Roberto Azevêdo, því yfir við lok umrædds ráðherra fundar að þetta væri mikilvægasta niðurstaða stofnunarinnar á sviði landbúnaðar frá stofnun hennar árið 1995.

Útflutningsstyrkir hafa ekki verið veittar á Íslandi um og eftir árið 1990 og hefur ákvörðunin því takmörkuð áhrif hér á landi. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur í kjölfar ráðherra fundarins haft til skoðunar hvort verðjöfnunargjöld þau sem kveðið er á um í nágildandi 85. gr. A teljist til útflutningsbóta. Í Noregi hafa verðjöfnunargjöld verið flokkuð með útflutningsbótum þegar þau eru hærri fyrir vörur ætlaðar til útflutnings en fyrir innlendan markað. Norsk stjórnvöld hafa tilkynnt að verðjöfnunargjöld umfram þann verðjöfnunarstyrk sem innlend framleiðsla hlýtur verði afnumin fyrir árið 2020.

Þar sem óverulegir fjármunir eru til verðjöfnunar og gerðar hafa verið ráðstafanir til að lækka nýmjólkur- og undarennuduft til matvælaframleiðslu hér á landi er að mati ráðuneytisins óþarft að mæla fyrir um verðjöfnunargjöld í ákvæðum búvörulaga. Endurgreiðsla þessi krefst mikillar vinnu tollayfirvalda, ráðuneytis og ekki síður umsóknaraðila til þess að uppfylla skilyrði til endurgreiðslu fyrir lága upphæð sem ætluð er til þess á fjárlögum. Er með vísan til framangreinds því lagt til að verðjöfnunargjöld verði felld brott.

#### Um 9. gr.

Í greininni er mælt fyrir um tvær nýjar orðskýringar. Nánar um hugtökin afurðaskýrsluhald og nýliði vísast til athugasemda um 1. gr. frumvarpsins.

#### Um 10. gr.

Í greininni er lagt til að bætt verði við 3. gr. skyldu samkvæmt búvörusamningum að framleiðendur sem eiga rétt á stuðningi samkvæmt samningunum sé skylt að færa fullnægjandi afurðaskýrsluhald. Nánar um breytinguna vísast til athugasemda um 3. gr. frumvarpsins.